

SKATTASTEFNA

Tilgangur

Skattastefnan lýsir markmiðum Ísfélags hf. („félagið“) í skattamálum og tryggir að Ísfélag standi við skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum.

Umfang

Stefnan nær til allrar starfsemi félagsins, stjórnna, starfsfólks og annarra sem starfa í þágu hennar.

Stefna

Markmiðið með stefnunni er að lýsa hvernig staðið er við allar skyldur félagsins varðandi skattamál. Skattastefnan tekur á öllum þeim sköttum sem félaginu ber að greiða svo sem tekjuskatt, fjármagnstekjuskatt, staðgreiðslu, tryggingagjald, veiðigjöld, virðisaukaskatt o.fl.

Stjórn er upplýst reglulega um framgang eftirfylgni með skattastefnu.

Meginmarkmið skattastefnu Ísfélags er eftirfarandi:

- Að tryggja að skattaáhættu sé stýrt.
- Að tryggja að farið sé eftir lögum og reglum varðandi skatta.
- Að forðast að skaða orðspor félagsins.
- Að tryggja samstarf við skattayfirvöld.
- Að veita gangsæi í skattamálum.

Að tryggja að skattaáhættu sé stýrt

Fyrsta markmið stefnunnar er að tryggja að skattaáhættu sé stýrt þannig að hún sé lágmarkuð. Skattaáhætta er skilgreind sem hvers kyns áhætta með tilliti til skatta (bein eða óbeint) sem getur haft í för með sér kostnað sem er ófyrirséður.

Skattaáhætta getur m.a. aukist vegna:

- Þess að helstu lögum um skatta er ekki fylgt.
- Skattalagabreytinga sem hafa farið fram hjá stjórnendum.
- Athugasemda/ábendinga frá skattayfirvöldum svo sem vegna innsendra skattframtala o.fl.
- Breytinga á starfsemi félagsins sem hafa ófyrirséðar skattaafleiðingar í för með sér.

Stjórnendur Ísfélags hafa það að markmiði að lágmarka þessa áhættu og vinna að því að draga úr henni með markvissum hætti. Skattaáhætta er metin af fjármálastjóra og regluverði félagsins. Stuðlað er að því að þekking starfsmanna á skattamálum sé fullnægjandi, auk þess er tryggður aðgangur að ytri ráðgjöfum þegar álitamál koma upp varðandi skattamál vegna skattframtala, útreikninga á tekjuskatti, virðisaukaskatti o.fl.

Að tryggja að farið sé eftir lögum og reglum varðandi skatta

Stjórnendur Ísfélags leggja sig fram um tryggja að farið sé að lögum og reglum varðandi skattalegar kröfur. Félagið hefur samband við ytri ráðgjafa svo sem skattalögfræðinga, endurskoðendur o.fl. vegna álitamála sem kunna að koma upp.

Öll innbyrðis viðskipti innan félagsins fara fram á grunni armslengdar sjónarmiða sbr. 57. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Stjórnendur Ísfélags leggja áherslu á að öllum sköttum, skattframtölum o.þ.h. sé skilað innan setts tíma. Komi upp atvik þar sem ekki hefur verið farið eftir helstu lögum og reglum, mun Ísfélag leitast til að við að laga það sem fyrst.

Að forðast að skaða orðspor félagsins

Stjórnendur Ísfélags eru meðvitaðir um orðsporsáhættu vegna skattamála. Þess vegna er mikilvægt að stefna Ísfélags standi vörð um orðspor, vörumerki og samfélagslega ábyrgð þegar litið er til skattamála.

Að tryggja samstarf við skattayfirvöld

Að jafnaði ættu stjórnendur Ísfélags að leitast við að forðast allar deilur við skattayfirvöld. Stjórnendur þurfa að tryggja að öll samskipti við skattayfirvöld fari fram faglega og tímanlega.

Ef upp koma atvik þar sem skattayfirvöld hafi samband við Ísfélag vegna skattalegra álitafna þá munu starfsmenn Ísfélags sýna yfirvöldum virðingu, gagnsæi og traust.

Ef upp koma villur í skattframtölum eða í samskiptum við skattayfirvöld mun Ísfélag upplýsa það og leiðrétt eins fljótt og auðið er.

Að veita gagnsæi í skattamálum

Stjórnendur Ísfélags leggja áherslu á að skattamál félagsins séu gagnsæ gagnvart haghöfum.

Í ársreikningum félagsins er gerð grein fyrir því hver skattastefna félagsins er, hvernig tekjuskattsskuldbinding félagsins er samansett auk þess hvað félagið greiðir í skatta.

Eftirlit stjórnar

Stjórn Ísfélags fer með ábyrgð á skattastefnu félagsins. Árlega fer stjórn Ísfélags yfir fylgni við stefnu þessa.

Þessi stefna er samþykkt af stjórn þann 23. janúar 2026.